
Minnisblað

Dagsetning: 9. nóvember 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 2010085

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að skimunum á landamærum vegna COVID-19.

Þann 15. Júní 2020 voru hafnar skimanir á landmærum á Íslandi vegna COVID-19 með það fyrir augum að kanna útbreiðslu SARS-CoV-2 meðal einstaklinga sem ferðast hingað til lands og til að lágmarka áhættuna á því að veiran berist hingað.

Á tímabilinu 15. júní til og með 18. ágúst voru 88.462 einstaklingar skimaðir á landamærunum, ýmist einu sinni eða tvisvar og greindust 72 með veiruna. Þann 19. ágúst var tekið í notkun það fyrirkomulag að bjóða öllum sem hingað koma tvöfalda skimun með fimm daga sóttkví á milli eða 14 daga sóttkví án skimunar. Þeir sem velja skimun þurfa að borga gjald en þeir sem velja 14 daga sóttkví þurfa ekki að greiða. Frá 19. ágúst hafa tæplega 34.000 einstaklingar verið skimaður einu sinni á landamærum og rumlega 31.000 tvisvar. Á þessu tímabili hafa alls 262 greinst með veiruna, 203 í fyrstu skimun og 59 í þeirri síðari.

Í byrjun skimunarátaksins voru um 0,03% farþeganna greindir með veiruna en þetta hlutfall hefur aukist með tímanum og er nú að meðaltali 1% farþega greindir með veiruna. Hins vegar er hlutfallið upp á síðkastið verulega hærra hjá farþegum sem koma frá Póllandi eða allt upp í 20% farþeganna sem endurspeglar mikla útbreiðslu faraldursins í Póllandi.

Í október mánuði komu tæplega 11.000 einstaklingar hingað til lands erlendis frá. Um 30% þeirra voru með íslenskt ríkisfang, 17% pólskt, 13% bandarískt en ríkisfang annarra var talsvert sjaldgæfara. Af þessum 11.000 einstaklingum þá fóru 280 í sóttkví (2,6%) og af þeim voru 35% með íslenskt ríkisfang, 22% pólskt og 11% danskt. Af þeim 10.500 einstaklingum sem fóru í sýnatöku þá greindust 167 með virkt smit (1,6%) og var 55% með pólskt ríkisfang og 21% með íslenskt ríkisfang.

Þrátt fyrir þessa aukningu í smitum á landamærum frá því í júní sl. þá hefur stofnum veirunnar sem greinast í innanlandssmitum ekki fjölgað að ráði. Fram til þessa hefur núverandi innanlandsfaraldur aðallega verið borinn uppi af einum stofni veirunnar og er því óhætt að segja að núverandi fyrirkomulag á skimunum hefur sannað gildi sitt og það komið í veg meiri útbreiðslu innanlands.

Þó að hlutfall þeirra sem velja sóttkví frekar en skimun sé ekki hátt við fyrstu sýn, þá er það líklega vegna þess að landamæraverðir leggja mikið á sig til að fá ferðamenn til að velja skimun umfram sóttkví. Í mörgum tilfellum vaknar grunur um að ferðamenn muni ekki fara eftir leiðbeiningum um sóttkví t.d. þegar um er að ræða ferðamenn sem ætla einungis að dvelja hér í nokkra daga.

Ég hef því áhyggjur af því að með vaxandi útbreiðslu faraldursins erlendis þá aukist líkur á að smit berist inn í landið með ófyrirsjáanlegum afleiðingum ef ferðamenn velja sóttkví sem þeir svo ekki halda.

Ég tel því mikilvægt að koma í veg fyrir slíkt og legg því til eftirfarandi fyrirkomulag á skimunum á landamærum þar til að framtíðar fyrirkomulagi verður komið á:

- Öllum sem koma hingað til lands verði gert skylt að fara í skimun á landamærum samkvæmt gildandi fyrirkomulagi og þeim ekki gefinn kostur á að fara í 14 daga sóttkví nema í undantekningartilfellum. Þetta mætti gera með því að afnema val um 14 daga sóttkvi eða afnema greiðslu vegna sýnatöku.
- Einu undantekningar sem gerðar verði á skimunum verði samkvæmt læknisfræðilegum ástæðum.
- Ofangreint fyrirkomulag komi til framkvæmda eins fljótt og auðið er.